



Stjórnarfundur AKÍŠ

Staður og tími: Google Hangouts - 6.6.2017 kl. 18:00

Mætt:

Ragnar Róbertsson (RR), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Baldvin Hansson (BH), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Torfi Arnarson (TA), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS)

Fjarverandi:

Einar Gunnlaugsson (EG), Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Garðar Þór Garðarsson (GPÞG),

ÞA ritaði fundargerð.

1. Brautarverkefni FIA

FIA er að biðja um stöðu á verkefninu ásamt drögum að uppgjöri. Formaður og framkvæmdastjóri gera þetta með aðkomu viðkomandi klúbba.

2. Tryggingar óskráðra tækja

Borist hefur svar frá Sjóvá við fyrirspurn AKÍŠ um tryggingar óskráðra keppnistækja og tryggingavernd sem þær veita. Sjóvá hefur breytt skilmálum trygginga óskráðra ökutækja sem breytir um leið þeirri tryggingavernd sem hún veitir. Helstu breytingar eru:

- A. ef ábyrgð án sakar verður lögð á keppendur fellur það undir trygginguna
- B. lágmarksiðgjald er kr. 42.000
- C. sjálfsábyrgð er 15%, 100 þúsund að lágmarki og ein milljón að hámarki

Ekki hafa borist tilkynningar frá öðrum tryggingarfélögum.

Samþykkt að senda út fréttatilkynningu um þetta.

3. Mótakerfi AKÍŠ

Sagt frá stöðu mála.

4. Skilgreiningar afreksíprótta

Erindi frá ÍSÍ.

5. Önnur mál

- **Fjarfundabúnaður** - Innbyggður hátalari, myndavél og fleira. JBJ skoðar hvort þetta hentar AKÍŠ.
- **Umferðarfagráð** - AKÍŠ er með sæti þar. Fjárveiting til ráðsins er af skornum skammti og lítið virðist hægt að gera.
- **Rallyráð** - Þórður Bragason óskar eftir að hætta í ráðinu. Formaður BÍKR stingur upp á Ísak Guðjónssyni í stað hans. Tillagan samþykkt.
- **Power-stage stigagjöf í rally** - er aðeins flóknari en vonast var til og þarf að ákveða útfærslu.



- **Slökkvitæki** - Athuga hvort hægt er að bæta rallyreglur þannig að keppnisstjórn sé með slökkvitæki við upphaf og enda sérleiða og hjá eftirfara og jafnvel eitt í miðju lengri leiða.

6. Næsti fundur

20. júní 2017 - Google Hangouts kl. 18:00